

I. Nafn, aðsetur og tilgangur

■ 1. gr.

Félagið heitir Þemis, félag laganema við Háskólann á Akureyri (e. Þemis, Union of Law Students at the University of Akureyri) og er aðildarfélag SHA. Félagið hefur kennitöluna 500505-2730, og er aðsetur þess og varnarþing á Akureyri.

■ 2. gr. *Félagsaðild*

Heimild til skráningar í félagið hafa þeir stúdentar sem greitt hafa skrásetningargjald hvers árs við Háskólann á Akureyri og eru skráðir til náms í lagadeild Háskólans á Akureyri; geri þeir það teljast þeir fullgildir meðlimir félagsins.

Aðilum sem ekki greiða skrásetningargjald en eru stúdentar við lagadeild Háskólans á Akureyri er heimilt að greiða félagsgjald, ákvarðað af stúdentaráði ár hvert, til SHA og teljast þá fullgildir félagsmenn.

Félagsmenn einir hafa atkvæðisrétt á aðal- og félagsfundum.

Skráning í aðildarfélög er gjaldfrjálst til klukkan 23:59 þann 15. september á hverju haustmisseri og ber félögum að skrá sig árlega. Óski félagi eftir því að skrá sig í aðildarfélag að þeim tíma liðnum skal hann greiða félagsgjald, ákvarðað af stúdentaráði ár hvert.

Með skráningu í aðildarfélag öðlast félagsfólk aðgang að snjallforriti SHA sem hefur að geyma rafrænt stúdentakort félagsins.

Viðburðir Þemis eiga að vera öruggir fyrir öll er þá sækja og allt félagsfólk á að upplifa sig öruggt og tryggt í tengslum við þá. Í SHA og undirfélögum þess er ekkert umburðarlyndi fyrir hvers konar ofbeldi eða áreitni, sexisma, hómófóbíu, transfóbíu, hinsegin fóbíu, abelisma, líkamssmánun eða annars konar óviðeigandi háttsemi sem er til þess fallin að valda vanlíðan eða skapa ótta annarra félagsmanna. Með því að mæta á viðburði SHA og/eða undirfélaga heimilar félagsmaður stúdentaráði að takmarka rétt hans til þátttöku á viðburðum gerist félagsmaður uppvís um háttsemi sem brýtur gegn ákvæði þessu.

Tillaga að tilhögun slíkrar takmörkunar aðgangis einstaklings skal lögð fram af framkvæmdastjórn og um hana skal kosið af stúdentaráði í hefðbundinni kosningu. Gæta skal meðalhófs við slíka takmörkun og skal hún ekki vara lengur en 3 mánuði. Verði aðili uppvís að slíkri háttsemi í annað sinn er stúdentaráði heimilt að meina viðkomandi aðgang að viðburðum félagsins og undirfélaga þess út starfsár ráðsins. Um vísan mála til fagráðs og/eða rektors fer eftir gildandi verklagsreglum SHA.

■ 3. gr.

Markmið félagsins eru:

1. Að gæta sameiginlegra hagsmuna laganema og vera málsvari þeirra innan skóla sem utan.
2. Að halda uppi öflugum tengslum við alla nemendur lagadeildar.
3. Að vinna að aukinni samheldni meðal nemenda.
4. Að stofna til samstarfs við félög og samtök laganema annarra skóla heima og erlendis, eins og við á.
5. Að beita sér fyrir því og hvetja til þess að haldnar séu ráðstefnur og málþing um lagaleg málefni í Háskólanum á Akureyri.
6. Að gefa út tímaritið Lögfræðing, sé það starfrækt.
7. Að halda utan um lögfræðiaðstoð Þemis, sé hún starfrækt.

■ 4. gr.

- Nú leysist félagið upp og renna þá öll réttindi og skyldur til SHA.

II. Aðalfundur og kosningar

■ 5. gr. *Atkvæðisréttur og kjörgengi*

- Aðeins félagsmenn þemis hafa atkvæðisrétt og kjörgengi í stjórn og aðrar stöður sem kosið er til á aðalfundi. Einfaldur meirihluti skal ráða niðurstöðum kosninga á aðalfundi.

■ 6. gr. *Framkvæmd kosninga*

- Stjórn félagsins skal kosin leynilegri kosningu.
 Allir stjórnarmeðlimir skulu kosnir sérstakri kosningu.

■ 7. gr.

- Falli atkvæði jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli viðkomandi frambjóðenda og falli atkvæði enn jafnt ræður hlutkesti.
 Sé aðeins einn frambjóðandi í kjöri telst hann þá sjálfkjörinn.

■ 8. gr. *Kjörnefnd*

- Kjörnefnd skal skipuð þremur nemendum á aðalfundi og er hennar hlutverk að annast skipulag og framkvæmd kosninga.

III. Stjórn

■ 9. gr. *Stjórn þemis*

- Í stjórn skulu sitja 8 aðilar sem gegna eftirfarandi stöðum: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, samskiptafulltrúi, fulltrúi fyrsta árs nema, fulltrúi nema í Heimskautarétti og fulltrúi meistaranema. Skulu þau í sameiningu vinna að skipulagningu félagsstarfs á vegum félagsins.
 Allir stjórnarmeðlimir hafa jafnan atkvæðisrétt í öllum athöfnum stjórnar. Falli atkvæði jafnt skal kosið aftur, sé enn jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.
 Alla jafna skulu eigi færri en tveir stjórnarmeðlimir þemis vera viðstaddir nýnemadaga á haustmisseri. Hið sama á við um viðburði þemis sem og SHA.
 Fulltrúar fyrsta árs nema, meistaranema og nema í Heimskautarétti skulu sitja í stjórn út skólaárið, nema þeir séu kjörnir í aðrar stöður innan stjórnar á aðalfundi.
 Séu fulltrúar fyrsta árs-, heimskautaréttar eða meistaranema kjörnir í önnur embætti innan stjórnar þemis á aðalfundi, skal ný stjórn sjá til þess að skipa nýja fulltrúa í þeirra stað sem situr út skólaárið.
 Falli stjórnarmeðlimur frá á miðju stjórnartímabili eða segi sig úr stjórn, fellur það í verkahring eftirsitjandi stjórnar að fylla í þá stöðu sem losnað hefur.
 Nú una félagsmenn ekki niðurstöðu sitjandi stjórnar um skipun stjórnarmeðlims, skal þá efnt til kosningar á félagsfundi ef 2/3 félagsmanna óska þess.

■ 10. gr. *Formaður*

- Formaður hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á starfsemi stjórnar og stýrir fundum, í forföllum hans varaformaður. Hann skal boða til félags- og stjórnarfunda svo oft sem þess gerist þörf og verður hann

þá fundarstjóri eða skipar annan aðila til þeirra starfa. Formaður skal einnig sjá til þess að samþykktir félagsins séu uppfærðar í samræmi við samþykktabreytingar sem samþykktar eru á aðalfundi.

Formaður ber ábyrgð á hagsmunamálum laganema og situr deildarfundi lagadeildar, stjórnar- og fræðasviðsfundi Hug- og félagsvísindasviðs fyrir hönd nemenda og er fulltrúi þemis í Stúdentaráði SHA. Formanni er þó heimilt að fela öðrum stjórnarmeðlim að sinna fulltrúahlutverki í Stúdentaráði SHA, kjósi hann svo.

Formaður skal boða forföll sín til varaformanns með hæfilegum fyrirvara, geti hann ekki sinnt áður nefndum skyldum sínum.

Formaður hefur prókúru félagsins og ritar firma þess ásamt gjaldkera.

■ 11. gr. *Varaformaður*

Varaformaður skal vera formanni innan handar í öllum málum og gegna starfi formanns í forföllum hans. Ef varaformaður getur ekki gegnt því hlutverki skal annar stjórnarmeðlimur taka hans stað.

Varaformaður sér til þess að viðburðir séu haldnir reglulega.

Takist ekki að manna stöðu fulltrúa þemis í viðburðanefnd á aðalfundi og takist stjórn ekki að skipa í stöðuna tveim vikum frá aðalfundi skal varaformaður vera fulltrúi þemis í viðburðanefnd SHA.

Ef ekki næst að manna stöðu varaformanns tveim vikum eftir aðalfund félagsins skal ritari sem kjörinn er á aðalfundi taka stöðu varaformanns og gegna báðum stöðum út skólaárið.

■ 12. gr. *Ritari*

Ritara ber að skrá niður fundargerðir félagsins og færa þær inn á Teams-svæði þemis. Óski félagsmaður þemis eftir aðgangi að fundargerðum félagsins skulu þær gerðar aðgengilegar þeim sem óskar þess.

Náist ekki að manna stöðu ritara á aðalfundi eða að honum tveim vikum liðnum skal varaformaður taka hlutverk ritara að sér og gegna báðum stöðum.

■ 13. gr. *Gjaldkeri*

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum allra nefnda og ráða á vegum félagsins. Einnig hefur hann umsjón með öllum fjárreiðum félagsins sem og styrkbeiðnum í samráði við stjórn og undirfélög, ásamt því að eiga virkt samstarf við rekstrarstjóra SHA. Þarf hann að standa skil á fjárreiðum félagsins á aðalfundi þess.

Gjaldkeri sér um fjármál Lögfræðings í samráði við ritstjórn þess.

Gjaldkeri hefur prókúru félagsins og ritar firma þess ásamt formanni félagsins.

Takist ekki að manna stöðu fulltrúa þemis í alþjóðanefnd á aðalfundi og takist stjórn ekki að skipa í stöðuna tveim vikum frá aðalfundi skal gjaldkeri vera fulltrúi þemis í alþjóðanefnd SHA.

■ 14. gr. *Samskiptafulltrúi*

Samskiptafulltrúi hefur yfirumsjón með samskiptum stjórnar við félagsmenn.

Samskiptafulltrúi skal hafa yfirumsjón með öllum samfélagsmiðlum þemis, snjallforriti SHA og uppfærslu upplýsinga þemis á Canvas-svæði lagadeildar. Þar að auki skal hann útbúa auglýsingar fyrir viðburði og tilkynningar félagsins og sjá til þess að þær séu birtar á viðeigandi miðlum.

■ 15. gr. *Fulltrúi fyrsta árs nema*

Fulltrúi fyrsta árs nema er kosinn af fyrsta árs nemum í grunnámi í lögfræði fyrir septemberlok hvert skólaár. Skal hann halda uppi öflugum og góðum tengslum milli stjórnar Þemis og nema á fyrsta ári.

Heimilt er að kjósa fulltrúa fyrsta árs nema í rafrænni kosningu svo fremur að hún sé nafnlaus.

■ 16. gr. *Fulltrúi meistaranema*

Fulltrúi meistaranema situr stjórnarfundum Þemis fyrir hönd meistaranema og er hann kosinn af meistaranemum fyrir septemberlok hvert skólaár. Honum ber að halda stjórn Þemis upplýstri um hagsmuni og verkefni meistaranema. Hann heldur utan um verkferla starfsnámssamninga við deildina í samvinnu við formann Þemis og brautarstjóra ML- stigs.

Heimilt er að kjósa fulltrúa meistaranema í rafrænni kosningu svo fremur að hún sé nafnlaus.

■ 17. gr. *Fulltrúi nema í heimskautarétti*

Fulltrúi nema í heimskautarétti situr stjórnarfundum Þemis fyrir hönd nema í heimskautarétti og er hann kosinn af heimskautaréttarnemum fyrir lok september hvers skólaárs. Skal hann halda uppi öflugum og góðum tengslum milli stjórnar Þemis og heimskautaréttarnema ásamt því að upplýsa stjórn um hagsmuni og verkefni þeirra. Skal hann jafnframt kynna störf Þemis fyrir heimskautaréttarnemum og stuðla að þátttöku þeirra í starfi félagsins.

Heimilt er að kjósa fulltrúa heimskautaréttarnema í rafrænni kosningu svo fremur að hún sé nafnlaus.

IV. Aðrar stöður og fulltrúar

■ 18. gr. *Fastanefndir SHA*

Þemis skal eiga fulltrúa í eftirfarandi fastanefndum SHA:

a. Viðburðanefnd.

b. Kynninganefnd.

c. Alþjóðanefnd.

Skulu fulltrúar þessir gæta hagsmuna Þemis innan sinna nefnda og vera tengiliðir stjórnar við þær. Þá er æskilegt að stjórn sé vel upplýst um málefni sem heyra til hvernar nefndar fyrir sig. Hafa fulltrúar þessir áheyrnarrétt á stjórnarfundum Þemis.

Fulltrúar félagsins í kynninga- og alþjóðanefnd SHA skulu kosnir á aðalfundi félagsins, en skipa skal fulltrúa félagsins, einn eða fleiri, í viðburðanefnd SHA.

■ 19. gr. *Námsnefnd og matsnefnd*

Formaður Þemis skal eiga sæti bæði í náms- og matsnefnd lagadeildar.

■ 20. gr. *Vantraust á meðlimi stjórnar*

Á félagsfundi getur félagsmaður borið upp vantraust á meðlim eða meðlimi stjórnar. Tillaga hans þarf að hljóta samþykki 2/3 fundarmanna til að hún nái fram að ganga enda sé a.m.k. þriðjungur félagsmanna á félagsfundinum.

Sé samþykkt vantraust á formann félagsins skal öll stjórnin segja af sér og boðað skal til aðalfundar þar sem ný stjórn er kosin.

Boða skal til félagsfundar, þar sem félagsmönnum þemis gefst kostur á að kjósa á milli nýrra frambjóðenda.

■ 21. gr. *Verklagsreglur*

Stjórn þemis fylgir í einu og öllu verklagsreglum um aðildarfélög SHA.

V. Félagið Lögfræðingur

■ 22. gr. *Tilgangur félagsins*

Félagið Lögfræðingur gefur út tímaritið Lögfræðing ásamt því að halda utan um málfundastarf innan lagadeildar Háskólans á Akureyri.

Lögfræðingur er fræðirit sem starfar samkvæmt þeim kröfum sem stigamatskerfi kennara við opinbera háskóla gerir til slíkra rita.

■ 23. gr. *Markmið og verkefni*

Markmið félagsins eru sem hér segir:

a. Að halda utan um og annast útgáfu Lögfræðings, tímarits laganema við Háskólann á Akureyri.

b. Hvetja nemendur til þátttöku í alþjóðlegum málflutningskeppnum og vera þeim innan handar við undirbúning fyrir slíkar keppnir. Sé engin kosin í stjórn lögfræðings á aðalfundi skal hlutverk þetta færast til stjórnar þemis.

c. Stuðla að því að nemendur hafi kost á því að æfa og auka færni sína í málflutningi og ræðumennsku. Sé engin kosin í stjórn lögfræðings á aðalfundi skal hlutverk þetta færast til stjórnar þemis.

d. Afla fjármagns til að halda uppi öflugum starfi félagsins.

e. Að halda úti vefsíðu Lögfræðings.

■ 24. gr. *Stjórn félagsins*

Stjórn Lögfræðings samanstendur af ritstjóra, aðstoðarritstjóra og ritstjórnarfulltrúa.

Allir stjórnarmeðlimir Lögfræðings hafa jafnan atkvæðisrétt í öllum athöfnum ritstjórnar, en falli atkvæði jafnt skal kosið aftur, sé enn jafnt ræður atkvæði ritstjóra úrslitum.

Ritstjórn hefur heimild til þess að bæta við sig að hámarki tveimur ritstjórnarfulltrúum og skal slíkt gert á sérstökum ritstjórnarfundi.

Ritstjóri og aðstoðarritstjóri þurfa báðir að vera samþykkir því að bæta skuli inn aukafulltrúa/fulltrúum í ritstjórn. Stjórn Lögfræðings setur sér verklagsreglur í samræmi við hlutverk félagsins.

■ 25. gr. *Ritstjóri*

Ritstjóri stýrir útgáfu Lögfræðings sem kemur út einu sinni á ári. Ritstjóri er jafnframt ábyrgðarmaður útgáfunnar með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir.

Ritstjóri er í fyrirsvari fyrir ritstjórn og hefur umsjón með daglegum störfum útgáfunnar.

Ritstjóri skal skipa fulltrúa úr röðum kennara við lagadeild háskólans með það að hlutverki að virkja tengsl ritstjórnar Lögfræðings við tilvonandi greinarhöfunda. Ef því verður ekki við komið er heimilt að skipa annan einstakling sem lokið hefur framhaldsprófi í lögfræði. Ritstjóri skal í samráði við fulltrúa skipa fræðilega ritstjórn Lögfræðings.

■ 26. gr. *Aðstoðarritstjóri*

Aðstoðarritstjóri er ritstjóra innan handar í öllum málum sem snúa að útgáfunni og starfi í kringum málfundi. Ef ritstjóri eða ritstjórnarfulltrúar geta ekki sinnt starfi sínu skal aðstoðarritstjóri ganga í þeirra stað.

■ 27. gr. *Ritstjórnarfulltrúar*

Ritstjórnarfulltrúar eru ritstjórn innan handar í öllum málum sem snúa að útgáfunni og málfundastarfi. Ef ritstjóri eða aðstoðarritstjóri geta ekki sinnt starfi sínu skulu ritstjórnarfulltrúar ganga í þeirra stað.

■ 28. gr. *Kosningar og starfstími ritstjórnar*

- Stjórnarmeðlimir Lögfræðings skulu kosnir einstaklega í sérstakri kosningu á aðalfundi félagsins.
- Kosið skal í hverja stöðu fyrir sig.
- Náist ekki að fullmanna stjórn á aðalfundi, skal stjórn Þemis skipa í þær stöður sem ekki verða mannaðar.
- Stjórnarskipti skulu vera eigi síðar en 1. september en heimilt er að hafa þau fyrr eftir tillögu sitjandi stjórnar

■ 29. gr. *Brottfall kröfu um útgáfu*

Náist ekki að manna ritstjórn Lögfræðings fellur niður sú krafa sem kemur skýrt fram í samþykktum þessum um árlega útgáfu.

V. Lögfræðiaðstoð Þemis

■ 30. gr. *Tilgangur félagsins*

- Stjórnarfulltrúar Lögfræðiaðstoðar eru laganemar sem lokið hafa BA-námi í lögfræði og stunda meistaranám í lögfræði við Háskólann á Akureyri.
- Allir stjórnarfulltrúar eru bundnir þagnarskyldu og gildir trúnaður um öll málefni er nemandi kann að komast að í gegnum starf sitt við ráðgjöfina.
- Stjórnarfulltrúar reyna eftir bestu getu að veita fólki fullnægjandi upplýsingar um réttarstöðu þess og aðrar lögfræðilegar leiðbeiningar.
- Einungis er um aðstoð að ræða og er hún endurgjaldslaus.
- Stjórnarfulltrúar ábyrgjast ekki úrlausnir Lögfræðiaðstoðar Þemis.

■ 31. gr. *Stjórn lögfræðiaðstoðar Þemis*

- Í lögfræðiaðstoð Þemis starfar þriggja manna stjórn, sem samanstendur af þremur stjórnarfulltrúum. Náist ekki að fullmanna í stjórn lögfræðiaðstoðar Þemis á aðalfundi, er stjórn Þemis heimilt að skipa stjórn hvenær sem er á yfirstandandi starfsári.
- Stjórnarfulltrúar lögfræðiaðstoðar Þemis bera jafna ábyrgð á utanumhaldi lögfræðiaðstoðarinnar.
- Stjórn lögfræðiaðstoðar skal kosin á aðalfundi Þemis.
- Stjórnarskipti skulu vera eigi síðar en 1. september en heimilt er að hafa þau fyrr eftir tillögu sitjandi stjórnar.

Stjórnarfulltrúum lögfræðiaðstoðar Þemis er heimilt að setja nánari reglur um verkferla og ábyrgð lögfræðiaðstoðar

VI. Aðalfundur og félagsfundur

■ 32. gr. *Um aðalfund*

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en viku fyrir aðalfund SHA. Á fundinum eiga rétt til setu allir skráðir félagsmenn í Þemis.

Til aðalfundar skal boða með minnst 7 daga fyrirvara á virkum samfélagsmiðlum félagsins, telst hann þá löglegur.

Framboð til stjórnar skuli tilkynnt stjórn að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

Berist ekki framboð í ákveðin embætti í stjórn skal opnað fyrri framboð á aðalfundi.

Ef aðalfundur telst ekki löglegur skal boða til nýs aðalfundar að viku liðinni og telst sá fundur þá löglegur.

■ 33. gr. *Dagskrá aðalfundar*

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarstjóra.
3. Kosning fundarritara.
4. Skipun kjörnefndar.
5. Skýrsla formanns.
6. Skýrsla gjaldkera og ársreikningur borinn upp til samþykktar.
7. Samþykktabreytingar.
8. Kosningar stjórnar.
 - 8.1 Kosning formanns.
 - 8.2 Kosning varaformanns.
 - 8.3 Kosning gjaldkera.
 - 8.4 Kosning ritara.
 - 8.5 Kosning samskipta fulltrúa.
9. Kosning í aðrar stöður.
 - 9.1 Kosning ritstjóra Lögfræðings.
 - 9.2 Kosning aðstoðarritstjóra Lögfræðings.
 - 9.3 Kosning ritstjórnarfulltrúa Lögfræðings.
 - 9.4 Kosning þriggja stjórnarmeðlima lögfræðiaðstoðar.
 - 9.5 Skipun fulltrúa Þemis í Viðburðanefnd SHA.
 - 9.6 Kosning fulltrúa Þemis í Kynninganefnd SHA.
 - 9.6.1 Kosning fulltrúa laganema.
 - 9.6.2 Kosning fulltrúa heimskautaréttarnema.
 - 9.7 Kosning fulltrúa Þemis í Alþjóðanefnd SHA.
10. Ný stjórn tekur við og vottar Þemis, réttlætisgyðju Grikkja, virðingu sína.
11. Fundi slitið.

■ 34. gr. *Stjórnarskipti*

Eftir aðalfund skal fráfarandi stjórn, innan við viku frá aðalfundi, boða nýja stjórn til skilafundar. Á þeim fundi skal fráfarandi stjórn skila af sér öllum gögnum, sem og eigum félagsins, ásamt því að kynna mál félagsins fyrir nýrri stjórn.

Að skilafundi loknum skal ný stjórn boða allar stjórnir undirfélaga og fulltrúa á vegum þemis til stórráðsfundar.

■ 35. gr. *Ársreikningur*

Reikningar félagsins skulu miðast við aðalfund ár hvert og skulu samþykktir á aðalfundi.

■ 36. gr. *Aðrir fundir*

Félagsfund ber að halda hvenær sem stjórnin álitur nauðsynlegt. Þá skal halda félagsfund er tíundi hluti félagsmanna óskar þess.

Undirfélög þemis geta óskað eftir fundum með stjórn þemis eða öðrum starfandi stjórnnum innan félagsins hvenær sem þurfa þykir.

■ 37. gr. *Nýnemakynning*

Kynningarkvöld fyrir fyrsta árs nema skal haldið á haustdögum við upphaf skólaárs. Aðalmarkmið þess er að kynna námið, stjórn félagsins og starfsemi þess.

Á kynningarkvöldi skal hlutverk fulltrúa fyrsta árs nema í stjórn þemis kynnt og óskað eftir framboðum.

Stjórn þemis skal eftir bestu getu taka virkan þátt í kynningu lagadeildar fyrir fyrsta árs nema á nýnemadögum háskólans.

■ 38. gr. *Lausafjárstaða við stjórnarskipti*

Lausafjárstaða þemis við stjórnarskipti skal eigi vera lægri en heimilt er samkvæmt verklagsreglum SHA um aðildarfélög.

Sé lausafjárstaða þemis við stjórnarskipti hærrí en heimilt er samkvæmt verklagsreglum SHA um aðildarfélög fær félagið ekki árlegt framlag SHA á komandi starfsári.

Liggi sérstök ástæða að baki svo hárrí lausafjárstöðu þemis er félaginu heimilt að senda skriflega beiðni til stúdentaráðs um undanþágu frá ákvæði þessu, líkt og kveðið er á um í verklagsreglum SHA um aðildarfélög.

■ 39. gr. *Samþykktabreytingar*

Samþykktabreytingar skulu eingöngu eiga sér stað á aðalfundi. Til að samþykktabreyting öðlist gildi þarf hún að vera samþykkt af a.m.k. 2/3 hluta skráðra félaga þemis sem mættir eru á löglegan aðalfund. Tillögur að samþykktabreytingum frá stjórn skulu auglýstar minnst viku fyrir aðalfund.

Tillögur að samþykktabreytingum skulu sendar stjórn að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir aðalfund. Stjórn skal birta þær tillögur þegar fresti lýkur.

VII. Önnur ákvæði

■ 40. gr.

Stjórn þemis fylgir verklagsreglum SHA í einu og öllu.

■ 41. gr.

Félagið getur kosið heiðursfélaga úr hópi lögfræðinga og lögmanna, innlenda sem erlenda skv. tillögu frá stjórn félagsins og telst það æðsta viðurkenning félagsins. Tillaga um slíkt kjör skal borin fram á fundi í félaginu, hvort sem félags- eða aðalfund sé um að ræða. Telst tillaga samþykkt ef $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna greiða henni atkvæði. Skal stjórn Þemis halda skrá yfir heiðursfélaga og afhenda þeim skjal til staðfestingar.

Stjórn félagsins er heimilt að sæma þá aðila, innlenda sem erlenda, sem sýnt hafa sérstakan áhuga á hagsmunum laganema við Háskólann á Akureyri, barmmerki félagsins.

■ 42. gr.

Stjórn félagsins skal hafa til umráða líkneski af Þemis, réttlætisgyðju Grikkja til forna. Skal líkneski þetta vera sýnilegt á öllum stjórnarfundum, aðalfundum og félagsfundum Þemis. Hafi stjórn félagsins ekkert líkneski af Þemis til umráða skal hún verða sér úti um það.

■ 43. gr.

Stjórn Þemis skal bjóða meðlimum sínum barmmerki félagsins við brautskráningu, endurgjaldslaust. Þá getur stjórn Þemis einnig boðið öðrum laganemum barmmerki félagsins til kaups.

■ 44. gr.

Stangist samþykktarákvæði í samþykktum Þemis á við samþykktir SHA skulu samþykktir SHA ráða. Gera skal viðeigandi samþykta úrbætur á næsta aðalfundi.

Verði samþykktum SHA breytt á þann veg að það hafi áhrif á starfsemi Þemis skal stjórn Þemis gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta viðkomandi breytingum.

Gera skal viðeigandi samþykkaúrbætur á næsta aðalfundi.

■ 45. gr.

Stjórn Þemis er heimilt að greiða út umbun við formleg stjórnarskipti í formi veitinga. Umbunin skal að hámarki vera helmingur af andvirði átta aðgöngumiða á árshátíð SHA.

Ákvæði til bráðabirgða

■ 46. gr.

Stjórn Þemis 2026-2027 er heimilt að skipa fulltrúa heimskautaréttarnema fram að kjöri fulltrúa heimskautaréttarnema í september 2026. Skal ákvæði þetta fellt brott á aðalfundi Þemis 2027.

Samþykktir þessar voru fyrst settar 24. mars 2004.

Nafn félagsins var ákveðið á aðalfundi félagsins 8. mars 2005.

Samþykktir þessar taka gildi frá samþykkt þeirra, þann 4. mars 2026.